

Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Rannsóknarsvið



Minjaskráning í landi Borgarhafnar 2-3, Neðribær
Sveitarfélaginu Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir
2020



Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:	2
Inngangur	3
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	4
Borgarhöfn	6
Skráning minja.....	7
Samantekt og lokaorð	13
Heimildir:.....	14

**Mynd á forsiðu: Neðribær í Borgarhöfn. Tóftir útihúsa í landi Neðribæjar fyrir miðri mynd. Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, tekin vorið 2017.*

Inngangur

Borgarhöfn 2-3, Neðribær (L160118) er eitt af sex býlum í byggðahverfinu Borgarhöfn í Sveitarfélaginu Hornafirði, samkvæmt fasteignaskrá.¹ Heimildir eru fyrir byggð í Borgarhöfninni allt aftur til 14. aldar og samkvæmt máldögum var þar kirkja frá því snemma eftir kristnitöku til a.m.k. loka 16. aldar.^{2,3} Margbýli hefur ávallt verið í Borgarhöfn, allt að 12 ábúendur þegar mest var undir lok 19. aldar.⁴

Í túni sunnan við bæjarstæði Neðribæjar eru tóftir útihúsa, sem reist voru á fyrri hluta 20. aldar, jafnvel fyrr og voru í notkun fram til 1960.⁵ Til stendur að færa til austurs hluta Neðribæjarveggar sem liggur að Neðribæ frá Borgarhafnarvegi. Nýja vegstæðið mun liggja á milli tveggja fyrrgreindra tófta.

Að beiðni landeiganda var nýja vegstæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir.⁶ Farið var á vettvang 27. mars 2020 og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sýnilegar minjar voru staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Skráning, úrvinnsla og skýrslugerð var framkvæmd af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúrulandfræðingi hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd 1. Borgarhöfn 2-3 Neðribær, horft til norðausturs frá Neðribæjarvegi. Fyrirhugað er að færa heimkeyrsluna að bænum til austurs frá núverandi vegstæði. Ljós. SGB, mars 2020.

¹ www.skra.is

² Íslenskt Fornbréfasafn II, 1893, bls. 770-771

³ Íslenskt Fornbréfasafn XV, 1947-50, bls. 700

⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 181

⁵ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands.

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið

friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.


Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Borgarhöfn

Borgarhöfn er eitt fjögurra byggðahverfa í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði og afmarkast jarðarmörk þess frá Hestgerðiskambi (Hegggerðiskambur) í austri að Staðará í vestri.⁷ Borgarhafnarbæirnir standa þvert fyrir miðjum Borgarhafnardal, í kvos fyrir framan svonefnda Túnkletta. Heimatúnin liggja að mestu sunnan bæjanna. Í Borgarhöfn hefur ávallt verið margbýli.⁸ Á átjándu öld voru 5 ábúendur, á jafnmörgum býlum.⁹ Um 1840 fjölga búendum og eru þeir flestir um 1871 eða 12 talsins.¹⁰ Voru flest býlin tvíbýli. Frá 1920 hafa að jafnaði verið 7-8 ábúendur í landi Borgarhafnar. Heimildir eru fyrir eftirfarandi býlum í Borgarhöfn, talið frá austri til vesturs í heimatúnunum: Krókur, Gamligarður eystri, Gamligarður vestri, Lækjarhús, Neðribær, Suðurhús, Ekra og Girðing. Síðast var búið í Girðingu 1895 og í Ekru lauk búsetu 1894.¹¹ Krókur var ekki í byggð frá 1850 til 1920.¹² Árið 1884 var bærinn Vagnstaðir byggður í Borgarhafnarlandi, í hásuður frá Borgarhöfn sunnan Þjóðveggar 1.¹³ Neðribær eignaðist Girðingapartinn þegar hann fór úr ábúð um aldamótin 1900.¹⁴



Mynd 2. Túnakort Borgarhafnar frá 1918, teiknað af Halldóri Eyjólfsyni, Hólmi. Kortið sýnir, talið frá vinstri, Suðurhús, Lækjarhús og Gamligarður vestri. Neðribær er fyrir miðju korti sunnan lækjar. Krókur er ekki í byggð á þessum tíma og búskap er hætt í Ekru og Girðingu. Fénaðarhúsin syðst í túni suðvestan Neðribæjar eru að líkindum fjárhús og lambhús (tóftir 002 og 004 í skráningu hér neðar).

⁷ Þorsteinn Guðmundsson, 1972, bls. 175

⁸ Manntal á Íslandi 1845, 1982 bls. 21-22

⁹ Manntal á Íslandi 1703, 1924-1947 bls. 432

¹⁰ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 181

¹¹ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 188-189

¹² Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 188-189

¹³ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 185

¹⁴ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 188

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir um Borgarhöfn: „Öll jörðin Borgarhöfn er að fornu mati 80 hndr. Í jarðatali Johnsens frá 1847 er hún talin það og sömuleiðis í hinu nýja mati 1861. Fyrir 1743 eru 60 hndr. af jörðinni kóngseign, en 20 hndr. bændaeign. Í jarðabók Ísleifs sýslumanns á Felli frá 1709 telur hann 8 kúgildi og landskuld 4 hndr., en getur þess, að áður hafi kúgildin verið 9. Árið 1743 gaf kóngurinn sinn part af jörðinni, 60 hndr., kirkjunum á Kálfafellsstað og Einholti, 30 hndr. hvorri, en nú [1972] hafa bændurnir í Borgarhöfn keypt ábýlin af ríkissjóði fyrir allmörgum árum nema 15 hndr., sem enn eru ríkiseign.“¹⁵

Skráning minja

Niðurstaða skráningar í þessu verkefni er sýnd á myndkorti á mynd 3. Skráningin hlaut verkefnanúmerið 2132 í skráningavefsjá Minjastofnunar og myndar það stofn í auðkennisnúmeri hvernar minjar. Samtals voru skráðar 6 minjar, þar af fjórar tóftir útihúsa. Á túnakorti frá 1918 eru tvö fénaðarhús sýnd sunnan við Neðribæ (sjá mynd 2).¹⁶ Á þeim tíma hefur heimreiðin að Neðribæ og Suðurhúsum legið töluvert austar en núverandi Neðribæjarvegur liggur. Að öðru leyti er vísað í skrána hér neðar.



Mynd 3. Skráðar minjar 001-006 í landi Neðribæjar, varpað á loftmynd.

¹⁵ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 180-181.

¹⁶ Þjóðskjalasafn Íslands, túnakort fyrir Borgarhöfn 1918.

Auðkennisnúmer: 2132:001

Samkvæmt heimildarmanni var hrútakofi efst og vestast í brekkunni sunnan við bæjarstæði Neðribæjar.¹⁷

Staðsetning: A 654669.071 – N 413626.961

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: hrútakofi

Aldur frá: 1850

Aldur til: 1955

Friðlýst: nei


Ástand: vel greinanlegar fornleifar

Hætta: hætta vegna vegagerðar

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 1,0 m

Veggjabreidd: 0,8 m



Mynd 4. Uppmæling af tóft 001 - hrútakofi.

Lýsing: Einhólfa tóft sem er 5,7x4,6 m að ytra máli. Tóftin liggur um 30 m austan Neðribæjarvegar og snýr NV-SA með dyr til SA (myndir 3, 4 og 5). Enginn garði er sjáanlegur innan tóftar. Hleðslur hafa runnið til og gróið er yfir grjót í veggjum og gólfi. Bárujárnsplötur liggja í miðri tóftinni sem gefa vísbendingu um að hrútakofinn hefur verið með járnklæddu þaki.



Mynd 5. Hrútakofinn (tóft 001) horft til norðvesturs. Ljós. SGB, mars 2020.

¹⁷ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2132:002

Samkvæmt heimildarmanni var lambhús suðaustan við hrútakofann.¹⁸

Staðsetning: A 654681.299 – N 413614.221

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: lambhús

Aldur frá: 1850

Aldur til: 1955

Friðlýst: nei


Ástand: vel greinanlegar fornleifar

Hætta: hætta vegna vegagerðar

Vegghæð frá: 1,0 m

Vegghæð til: 1,6 m

Veggjabreidd: 1,0 m



Mynd 6. Uppmæling af tóft 002 - lambhús.

Lýsing: Einhólfa tóft, stærð 7,4 x 6,5 m að ytra máli. Tóftin liggur neðar í brekkunni, um 11 m suðaustan við hrútakofann, tóft 001 (sjá mynd 3). Grjóthleðslur í veggjum heillegar fyrir utan smávægilegt hrun úr austurveggnum. Tóftin snýr N-S með op til S (myndir 6 og 7).



Mynd 7. Lambhústóftin 002, er mun betur varðveitt en aðrar tóftir í túninu. Ljós. SGB, mars 2020.

¹⁸ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2132:003

Neðan við lambhúsið var hesthús.¹⁹

Staðsetning: A 654690.932 – N 413595.832

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: hesthús

Aldur frá: 1850

Aldur til: 1965

Friðlýst: nei


Ástand: vel greinanlegar fornleifar

Hætta: hætta vegna vegagerðar

Vegghæð frá: 1,0 m

Vegghæð til: 1,7 m

Veggjabreidd: 1,0 m



Mynd 8. Uppmæling af hesthúsatóft 003.

Lýsing: Einhólfa tóft, um 13,5 m suður af lambhúsinu (002 á mynd 3). Ytra mál tóftar 5,5 x 9,5 m, liggur A-V með op til suðurs (mynd 8). Þaksperrur og bárujárnsklæðning liggur yfir tóftinni að stórum hluta (sjá mynd 9). Hleðslur í veggjum farnar að renna til og hrun á stórum köflum. Hesthúsið var í notkun heldur lengur en fénaðarhúsin ofar í brekkunni.²⁰



Mynd 9. Hesthúsið (003) var lengst í notkun af þeim húsum sem voru í túninu suður af Neðribæ. Ljós. SGB, mars 2020.

¹⁹ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

²⁰ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2132:004

Austast í túninu suður af Neðribæ var fjárhús.²¹

Staðsetning: A 654698.325 – N 413635.859

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: fjárhús

Aldur frá: 1850

Aldur til: 1955

Friðlýst: nei

Ástand: vel greinanlegar fornleifar

Hætta: hætta vegna vegagerðar

Vegghæð frá: 0,5 m

Vegghæð til: 1,3 m

Veggjabreidd: 1,0 m



Mynd 10. Uppmæling af fjárhúsatóft 004.

Lýsing: Einhólfa tóft, 19 m norðaustan við lambhúsið (002 á mynd 3). Ytra mál tóftar er 8,7 x 6,0 m (mynd 10). Ekki sést í garða í tóftinni og hrúnið hefur úr veggjahleðslum sem hafa runnið til (sjá mynd 11). Gróið er yfir grjót í veggjum og gólfi, auk þess sem tóftargólfið er hulið bárujárnspötum úr þaki þess.



Mynd 11. Horft til suðvesturs yfir fjárhústatóftina. Ljós. SGB, mars 2020.

²¹ Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

Auðkennisnúmer: 2132:005

Rétt austan við heimkeyrsluna að Neðribæ eru leifar af skurði sem grafinn var til að kæla mjólkina. Í Neðribæ var ekki stórt kúabú.²²

Staðsetning: A 654676.526 – N 413591.123

Sérheiti:

Tegund: frásögn

Hlutverk: kæling matvæla

Aldur frá: 1850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar fornleifar

Hætta: hætta vegna vegagerðar

Lýsing: Óljóst sést í skurðinn en hann hefur fyllst af jarðvegi með tímanum frá því hann var nýttur sem mjólkurkæling (mynd 12).



Mynd 12. Skurðurinn austan við Neðribæjarveg var nýttur til að kæla mjólkina. Ljós. SGB, mars 2020.

Auðkennisnúmer: 2132:006

Samkvæmt túnakortinu frá 1918 lá heimreiðin að Neðribæ og Suðurhúsum mun austar en hún gerir í dag (sjá mynd 2).

Staðsetning: A 654726.841 – N 413613.833

Sérheiti:

Tegund: mannvistarleifar

Hlutverk: leið

Aldur frá: 1800

Aldur til: 1930

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar fornleifar

Hætta: engin hætta

Lýsing: Á sléttlendinu fyrir neðan bæjarstæði Neðribæjar eru um 36,5 m langar leifar af gömlu heimreiðinni (sjá mynd 13). Þær liggja í mýrlendu landi og hafa

hlaupið í þúfur á syðsta hlutanum sem sýnilegur er í dag. Samkvæmt heimildarmanni var núverandi Neðribæjarvegur kominn um 1940 og þá hætt með öllu að nota eldri veginn.



Mynd 13. Ennþá sést móta fyrir hluta af eldri heimreiðinni að Neðribæ, eins og hún er teiknuð á túnakort frá 1918. Ljós. SGB, mars 2020.

²² Halldóra Gunnarsdóttir, 2020 munnleg heimild.

Samantekt og lokaorð

Samtals voru 6 minjar skráðar í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skáningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2132, samantekt skráðra minja í landi Borgarhafnar 2-3 Neðribær.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2132:001		tóft	hrútakofi	1850-1955	hætta v vegaframkv.
2132:002		tóft	lambhús	1850-1955	hætta v vegaframkv.
2132:003		tóft	hesthús	1850-1965	hætta v vegaframkv.
2132:004		tóft	fjárhús	1850-1955	hætta v vegaframkv.
2132:005		frásögn	kæling matvæla	1850-1950	hætta v vegaframkv.
2132:006		mannv.leifar	leið	1800-1930	engin hætta

Í þessari skýrslu hefur verið greint frá niðurstöðu minjaskráningar í landi Neðribæjar í Borgarhöfn vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Í ljósi langrar byggðasögu Borgarhafnar má vænta þess að minjar gætu leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa friðaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Stofnunin mun taka afstöðu til þeirra minja og minjastaða sem hér eru skráðir með hliðsjón af varðveislugildi þeirra.

Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. II. bindi 1253-1350 (1893). Kaupmannahöfn: Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XV. bindi 1567-1570 (og síðar) (1947-50). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenska bókmenntafélagi.

Halldóra Gunnarsdóttir, Höfn. Munnleg heimild 03.04. 2020.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Manntal á Íslandi árið 1703 (1924-1947). Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Manntal á Íslandi 1845 Suðuramt (1982). Reykjavík: Ættfræðifélagið gaf út.

Þjóðskrá Íslands (á.á.). Fasteignaskrá. Sótt 02.04. 2020 á www.skra.is.

Þjóðskjalasafn Íslands (á.á.). Túnakort fyrir Borgarhöfn. Sótt 28.03.2020 á <http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stjornarrad+Islands+-+II.+skrifstofa+-+Tunakort+1916-1929/unitid/IS-PI-0021-0000-012/search/0/Tunakort#>

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Borgarhafnarhrepps, í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýlu, II. bindi*, bls. 131-264. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.